



9. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2024/2025
haldinn miðvikudaginn 4. desember 2024
haldinn í Borgartúni 27, 2. hæð, kl. 14:00.

Fundinn sátu: Baldvin Zarioh formaður, Íris Davíðsdóttir, Íris Hrönn Guðjónsdóttir, Ármann Höskuldsson (Teams), Kolbeinn Hólmar Stefánsson, Katrín Pálmadóttir Þorgerðardóttir, Jens Guðmundur Hjörleifsson og Ragna Kemp Haraldsdóttir.
Helga Birna Ingimundardóttir framkvæmdastjóri Fh skrifaði fundargerð.

Drög að dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 6. nóvember 2024.
2. Björg Kjartansdóttir, framkvæmdastj. BHM kemur.
3. Svar frá Keldum vegna greiðslna úr vinnumatssjóði.
4. Kjaramál / Samráðsnefnd FH og HÍ, 12. nóv. og 3. des.
Skipta í starfshópa.
5. Nefnd um fyrirkomulag fæðisfjár og matarmiða.
6. Erindi frá Fedon, vegna doktorsnema.
7. Tþ. 13. nóvember Jens, vegna rannsóknamisseris.
8. Fréttir af stjórn matskerfis op. háskóla, umsögn Fh.
9. Opinn fundur með FPR með frambjóðendum til Alþingis.
10. Í aðdraganda rektors.
11. Fréttir af BHM.

2. Björg Kjartansdóttir framkvæmdastjóri.

Björg Kjartansdóttir nýr framkvæmdastjóri BHM kom inn á stjórnarfundinn. Stjórnarfolk kynnti sig og Baldvin sagði frá félaginu og áherslum þess. Björg kynnti sig og sagði frá störfum BHM næstu mánuði. Allir sammála um að samtalið og kynning á fólki hafi verið nauðsynlegt og gott.

1. Fundargerð, 6.

Fundargerðin var samþykkt.

3. Keldur, greiðslur úr vinnumatssjóði

Baldvin rakti málið. Keldur greiðir félagsmanni helming þeirrar fjárhæðar sem reiknuð var í vinnumati sl. haust í samræmi við starfshlutfall árið 2023, við starfslok. Þetta er í andstöðu við áralanga hefð á greiðslum úr vinnumati þar sem ávallt hefur verið miðað við starfshlutfall í þeim mánuði sem viðkomandi lét af störfum. Málið rætt. Ákveðið að framkvæmdastjóri beri málið upp við lögmann BHM þar sem m.a. verði spurt hvort það sé tiltækt fyrir Félagsdómi.

4. Kjaramál/Samráðsnefnd Fh og HÍ

Baldvin sagði frá fundum í samráðsnefnd Fh og HÍ. Á fundunum var m.a. rætt um:

- Einstaklingsmál á UTS, samráðsnefnd HÍ mun senda svar á félagið.

- Yfirvinna í læknadeild, greiðir yfirvinnu frá og með hausti 2024.
- Nýtt vinnuumhverfi á mannauðssviði, málið rætt.
- Staðan á HERU, vinnan á áætlun.
- Skaðvaldar, ýmsir möguleikar ræddir og Jens mun vera í sambandi við öryggisnefnd HÍ um útfærslu.
- Rannsóknamissari sérfræðinga, tvö leyfi munu verða veitt, annars vegar á Raunvísindadeild og hins vegar á HÍ. Rætt var um möguleika þess að láta leyfin fljóta á milli eftir því hver aðsókn verður.
- Símakostnað, vísað er í reglur þess efnis á Uglu.
- Samgöngustyrkur, enn óútfært en mun breytast á nýju ári.
- Sáttmálasjóður mun ekki vera virkjaður á árinu 2025.
- Ýmsar verklagsreglur s.s. við starfslok, námsleyfi.

Félag háskólakennara mun tilnefna tvo fulltrúa í starfshópa sbr. bókanir í stofnanasamningi Fh og HÍ, með undirrituðum kjarasamningi þann 16. september sl.

Eftirfarandi var ákveðið:

Hópur 1, um yfirvinnu: Ragna Kemp Haraldsdóttir og Jens Guðmundur Hjörleifsson.

Hópur 2, um launasetningu akademískra: Kolbeinn Hólmar Stefánsson og Ármann Höskuldsson.

Hópur 3, kjör og starfskjör doktorsnema: Katrín Pálmadóttir Þorgerðardóttir og Sóllilja Bjarnadóttir formaður Seiglu.

5. Nefnd um fyrirkomulag fæðisfjár og matarmiðum

Baldvin sagði frá störfum nefndarinnar og vísaði í skýrslu sem starfshópurinn skilaði af sér. Niðurlag hennar er eftirfarandi: „Það er pólitísk ákvörðun sem hvílir á herðum yfirstjórnar háskólans að afnema fæðisfé og semja við aðila um veitingarekstur á svæðinu. Það framboð og sú mynd sem er á þjónustu við starfsfólk í dag dugur engan veginn til að réttmætt sé að taka af fæðisfé og því er breytinga þörf.“

6. Erindi frá Fedon

Málið rætt og ákveðið að vekja athygli stjórnar Starfsmenntunarsjóðs BHM á réttindaskerðingu doktorsnema vegna breytinga á reglum sjóðsins.

Dagskrárliðir 7 – 11 var frestað.

Önnur mál:

Ákveðið var að stjórn hittist á Eiríksdóttir miðvikudaginn 18. des. kl. 12:00.

Fundi lauk kl. 16:00

Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn, 8. janúar 2024, kl. 12:00.